

Sérfræðingur á sviði bygginga og brunavarna

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) leitar að metnaðarfullum sérfræðingi til að starfa á brunavarnasviði stofnunarinnar sem staðsett er á Sauðárkróki. Um er að ræða spennandi og fjölbreytt starf í teymi brunavarna og slökkviliða.

Hlutverk sviðsins er að sinna samræmingar- og leiðbeinandi hlutverki á sviði brunavarna. Sviðið hefur eftirlit með slökkvistarfi á Íslandi, samþykkir brunavarnaáætlanir sveitarfélaga, annast brunarannsóknir, fræðslu og forvarnir á sviði brunavarna og sér um útgáfu leyfa. Brunavarnasvið ber jafnframt ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskólans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulagning og samræming eftirlits með öryggisþáttum bygginga á sviði brunavarna
- Gerð leiðbeininga við byggingarreglugerð og fræðsluefnis fyrir fagaðila og almenning
- Umsjón og yfirferð brunavarnaáætlana sveitarfélaga
- Ráðgjöf og samskipti við hönnuði, sveitarfélög, slökkvilið og aðra hagsmunaaðila
- Móttaka, úrvinnsla og svörun fyrirspurna á sviði brunavarna og byggingarreglugerðar

Hæfniskröfur

- Tæknimenntun á háskólastigi eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af byggingarframkvæmdum og hönnun er kostur
- Áhugi og þekking á málum sem snúa að brunavörnum er kostur
- Frumkvæði og ríkir skipulagshæfileikar
- Sjálfstæði í störfum og góð hæfni í samskiptum
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Um framtíðarstarf er að ræða og fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skulu sendar inn í gegnum Alfred.is. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Í ráðningarferlinu verður óskað eftir að umsækjendur skili sakavottorði.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hvetur alla áhugasama einstaklinga til að sækja um starfið, óháð kyni.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 5. september 2022.

Nánari upplýsingar veitir **Regína Valdimarsdóttir**, Teymisstjóri brunavarna og slökkviliða
Regina.Valdimarsdottir@hms.is - 4406400
Þóra Björk Eysteinsdóttir, Mannauðsstjóri
Thora.Eysteinsdottir@hms.is - 4406400

Sérfræðingur á sviði slökkvistarfs

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) leitar að metnaðarfullum sérfræðingi til að starfa í teymi brunavarna og slökkviliða á brunavarnasviði sem staðsett er á Sauðárkróki. Um er að ræða fjölbreytt starf á sviði slökkvistarfs er lýtur að samræmingu og samstarfi við slökkviliðin í landinu og skipulagningu á námi fyrir slökkviliðsmenn innan Brunamálaskólans.

Hlutverk brunavarnasviðsins er að sinna samræmingar- og leiðbeinandi hlutverki á sviði brunavarna. Sviðið hefur eftirlit með slökkvistarfi á Íslandi, samþykkir brunavarnaáætlanir sveitarfélaga, annast brunarannsóknir, fræðslu og forvarnir á sviði brunavarna og sér um útgáfu leyfa. Brunavarnasvið ber jafnframt ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskólans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulagning á eftirliti með starfi slökkviliða og gerð leiðbeininga
- Umsjón með úttektum á slökkviliðum og búnaði slökkviliða og eftirfylgni
- Mat á fræðsluþörfum slökkviliðsmanna og námsmat
- Skipulagning og umsjón með námi innan Brunamálaskólans
- Löggilding slökkviliðsmanna
- Aðkoma að rannsóknum í kjölfar eldsvoða
- Samskipti við hagsmunaaðila og svörun fyrirspurna

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Um framtíðarstarf er að ræða og fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skulu sendar inn í gegnum Alfred.is. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Í ráðningarferlinu verður óskað eftir að umsækjendur skili sakavottorði.

Hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á starfsemi slökkviliða og eldvarnareftirlits
- Reynsla af skipulagningu fræðslustarfs er kostur
- Reynsla af gæðaeftirliti og úttektum er kostur
- Frumkvæði og ríkir skipulagshæfileikar
- Sjálfstæði og framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hvetur alla áhugasama einstaklinga til að sækja um starfið, óháð kyni.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 5. september 2022.

Nánari upplýsingar veitir **Regína Valdimarsdóttir**, Teymisstjóri brunavarna og slökkviliða Regina.Valdimarsdottir@hms.is - 4406400
Þóra Björk Eysteinsdóttir, Mannauðsstjóri Thora.Eysteinsdottir@hms.is - 4406400